

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Kambalands í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 10. október 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi Kambalands í Hveragerði. Deiliskipulagið nær til 30 ha svæðis, sem afmarkast til suðurs og vesturs af hringvegi (Suðurlandsvegi), til norðurs af Hamrinum og til austurs af núverandi byggð við Smyrlaheiði, Valsheiði, Kjarrheiði, Borgarhrauni og Kambahrauni. Breytingin felur í sér tvær nýjar lóðir fyrir spennistöðvar á svæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast nú þegar gildi.

Hveragerði, 22. október 2019.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2019